

Alþingi
Erindi nr. P 122/1403
komudagur 23/3.98

Félagsmálanefnd
b.t. formanns
Frú Kristínar Ástgeirsdóttur


Reykjavík 19. mars 1998

Hjálagt sendist yður afrit af áskorun starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins til félagsmálaráðherra vegna fyrirhugaðrar niðurlagningar stofnunarinnar. Áskorun þessi var einróma samþykkt á almennum starfsmannafundi í stofnuninni í gær, þann 18. mars.

Þess er farið á leit við yður að þér leggið áskorun þessa fram á fundi nefndarinnar þegar frumvarp til laga um húsnæðismál verður til umræðu.

Virðingarfyllst,

f.h. starfsmannafélags
Húsnæðisstofnunar ríkisins



Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður

Félagsmálaráðherra
hr. Páll Pétursson
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 1998

Áskorun til félagsmálaráðherra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins skorar hér með á hæstvartan félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að við frumvarp til laga um stofnun Íbúðalánasjóðs verði bætt ákvæði sem tryggji núverandi starfsmönnum Húsnæðisstofnunar sambærileg störf hjá hinum nýja sjóði.

Í lagasetningu um breytingar á starfsemi opinberra stofnana að undanförmu hefur verið að finna ákvæði er tryggja atvinnuöryggi starfsmanna viðkomandi stofnana. Nægir hér að nefna 8. gr. laga nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, 8. gr. laga 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 60/1997 um stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og loks 13. gr. laga nr. 68/1997 um Lánasjóð landbúnaðarins.

Í öllum þessum lögum er kveðið á um að allir starfsmenn þeirra sjóða og stofnana sem verið er að breyta eða leggja niður skuli fá sambærileg störf hjá nýjum félögum, stofnunum eða sjóðum sem taka við starfsemi þeirra.

Félag starfsmanna Húsnæðisstofnunar ríkisins telur að sömu rök hljóti að liggja til þess að tryggja starfsöryggi og nýta starfsreynslu þeirra 49 starfsmanna sem nú starfa hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í þágu hins nýja Íbúðalánasjóðs.

Virðingarfyllst,
Starfsfólk Húsnæðisstofnunar ríkisins

Afrit sent: Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingismönnum
Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins
Bandalagi háskólanna
Starfsmannafélagi ríkisstofnana